



Fundur í sveitarstjórn

66. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 15. júní 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson, Björn Guðmundur Björnsson, Ævar Rafn Mariósson, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir því að dagskrárliðum í útsendri dagskrá yrði víxlað, þannig að liður 1 yrði tekinn á eftir lið 2 og númeruðum liðum í fundargerð yrði einnig breytt til samræmis við það.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Urðun sorps á Bakkafirði og hirðun sorps í Langanesbyggð.
2. Fundargerð 25. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 13. júní 2017.

Fundargerð

1. Urðun sorps á Bakkafirði og hirðun sorps í Langanesbyggð

Til máls tók sveitarstjóri og gerði grein fyrir samskiptum við Vopnafjarðarhrepp, aðdraganda og vinnu við að koma á leyfi til urðunar sorps á Bakkafirði, uppgjörsmál er varða núverandi verktaka og möguleg næstu skref í úrgangsmálum Langanesbyggðar.

Til máls tóku einnig: Björn Guðmundur Björnsson, Ævar Rafn Marinósson,

2. Fundargerð 25. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 13. júní 2017

Vegna 1. liðar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Vegna 2. liðar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir samþykkt nefndarinnar og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðaleigusamningi í samræmi við innsenda beiðni.

Samþykkt samhljóða.



Vegna 3. liðar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að athuga með þörf á grenndarkynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum og að því ferli loknu, senda tilskilin gögn til byggingarfulltrúa til umsagnar og afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Vegna 4. liðar

Til máls tóku Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson.

Lagt fram til kynningar.

Vegna 5. liðar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og vísar tillögum til sveitarstjóra til skoðunar og meðferðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 og næstu þriggja ára áætlunar.

Samþykkt samhljóða.

Vegna 6. liðar

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Vegna 7. liðar

Til máls tóku: Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun nefndarinnar.

Karl Ásberg Steinsson bað um fundarhlé kl. 18:05. Samþykkt.

Oddviti setti fund aftur kl. 18:17.

Samþykkt með sex atkvæðum. Reynir Atli Jónsson sat hjá.

Björn Guðmundur lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn samþykkir fyrir sitt leyti að haldið verði áfram við samningagerð við ÍG með fyrirvara um klárlegt 6 mánaða uppsagnarákvæði, að lágmarki, og að samningurinn verði ekki lengri en til þriggja ára. Enda komi tilbúinn samningur við ÍG fyrir sveitarstjórn til formlegrar samþykktar síðar. Óskum við jafnframt eftir kostnaðarlegum samanburði milli væntanlegs samnings og þess gamla og óskar U-listinn eftir að verða upplýstur um framgang málsins jafnóðum.

Fundagerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:27.